

69. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn á Teams miðvikudaginn 10.5 2023 kl. 9.

Mætt: Tómas Birgir Magnússon, Einar Freyr Elínarson, Sveinn Hreiðar Jenson, Æsa Guðrúnardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð.

Tómas Birgir Magnússon formaður setti fund og var gengið til dagskrár, sem lá fyrir í tölvupósti frá formanni:

- Staða jarðvangsins og framtíð hans

Komin beinagrind að nýrri heimasíðu. Forritarinn kemur til Víkur kl. 13 og kynnr drögin á fundi í Kötluasetri og er reiðubúinn til samtals um kynningar– og vefmál ferðapjónustunnar. Æsa mun hafa samband við stjórn Visit Vík og bjóða þeim á kynninguna, en fundur verður öllum opinn. Stjórnin sammála um mikilvægi kynningar á nýrri heimasíðu fyrir ferðapjónustuaðilum með það að markmiði að síðan verði sameiginlegur kynningarvettvangur ferðapjónustunnar á öllu jarðvangssvæðinu.

Fram komu ábendingar um mikilvægi þess, m.a. í ljósi mikillar nýliðunar í ferðapjónustunni, að kynna betur þátt jarðvangsins í uppbyggingu áfangastaða á svæðinu.

Kynnt voru gögn af heimasíðu Samtaka ferðapjónustunnar [SAF – Ferðagögn – Samtök ferðapjónustunnar](#) þar sem fram kemur hversu gríðarlega mikilvæg ferðapjónustan er á svæðinu.

Kynnt svar samantekt um áætlaðan kostnað við reglubundið erlent samstarf jarðvangsins.

Rætt var um mikilvægi þess að sveitarfélögin beittu sér fyrir samtali við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um verkefni jarðvangsins og stuðning við þau.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 9:54.